

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 24/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/565/EB frá 14. ágúst 2007 um að tiltekin efni, sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, verði ekki verði skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B í þeirri tilskipun <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12za (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/639/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12zb. **32007 D 0565**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/565/EB frá 14. ágúst 2007 um að tiltekin efni, sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, verði ekki verði skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B í þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/565/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 17.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.